

FÉLAG LÆSISFRÆÐINGA Á ÍSLANDI HVETUR FORELDRA TIL AÐ LESA DAGLEGA FYRIR BÖRN SÍN FRÁ UNGA ALDRI

**MIKILVÆGI
FYRSTU
ÁRANNA**

**LEGGJUM
GRUNNINN
HEIMA**



Grunnur að lestrargetu barna er lagður strax á fyrstu æviárunum því góður orðaforði og málskilningur er mikilvæg undirstaða fyrir góðan lesskilningi síðar meir.

Rannsóknir sýna að ef lesið er fyrir börn frá unga aldri eflir það málþroska þeirra og orðaforða og eykur þannig velgengni þeirra í námisíðar á ævinni. Það er því mikilvægt að foreldrar lesi daglega fyrir börn sín frá unga aldri.

Einnig er mikilvægt að halda áfram að lesa fyrir börnin þó að þau séu farin að lesa sjálf.

Lestrarstundir eru gæðastundir sem skapa áhuga barna fyrir lestri.

Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:

- Útskýrið orð og ræðið við barnið um bókina, sögupersónur og myndir.
- Vekið eftirvæntingu og forvitni með því að spyrja spurninga út frá efni og myndum.
- Vekið athygli á ritmálinu, t.d. með því að renna fingri undir textann á meðan lesið er.
- Hvetjið barnið til að taka þátt í lestrinum, t.d. þegar sama orð eða texti er endurtekinn.
- Kennið barninu vísur og þulur.
- Lesið ykkur til ánægju og segið börnunum frá bókunum sem þið eruð að lesa.
- Farið saman á bókasafnið og hafið bækur sýnilegar á heimilinu.

Að lesa fyrir börn ...

- eflir málþroska þeirra og þar með talið orðaforða
- stuðlar að góðum lesskilningi
- stuðlar að góðri tengslamyndun
- eykur lestraráhuga
- örvar ímyndunaraflíð
- bætir einbeitingu og athygli
- eflir vellíðan
- eykur sjálfstraust
- er fræðandi